

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1757****2016/EES/18/29****frá 28. september 2015****um að samþykkja fólpet sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 (*)**

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 90. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ítalíu barst umsókn 13. júlí 2009, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽²⁾, um að færa virka efnið fólpet á skrá í I. viðauka við hana, til notkunar í vöruflokki 6, rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 6 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 2) Ítalía lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina í júní 2011 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra mats-yfirvaldsins.
- 4) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 6 og innihalda fólpet, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.
- 5) Því er rétt að samþykkja fólpet til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6, með fyrirvara um samræmi við sértæk skilyrði í viðaukanum.
- 6) Þar eð fólpet uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í flokki 1, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽³⁾, ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda fólpet, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Fólpet er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 257, 2.10.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kemínúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sértek skilyrði
Fólpet	IUPAC-heiti: N-(triklórmetýlþíó)palímið EB-nr.: 205-088-6 CAS-nr.: 133-07-3	940 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2025	6	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífur þegar ekki er umt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. Í ljósi áhættu fyrir jarðvegshólf skal koma fram á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum varanna að gera skuli ráðstafanir til að vernda jarðveginn á meðan á notkun rotvörðu blandanna utanhúss stendur, til að koma í veg fyrir tap og til að lágmarka losun út í umhverfið, nema hægt sé að sýna fram á að umt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. Í ljósi áhættu fyrir jarðvegshólf skal ekki veita leyfi fyrir vörum til að rotverja blöndur, sem eru ætlaðar til notkunar utanhúss til úðunar, nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði.</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur fólpet, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 11. gr. tilskipunar 98/8/EB. Virka efnid í vörum sem sett er á markað má vera af jafngildum eða öðrum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.